

Garðabæ 1. júní 2021

Verið innilega velkomin í Hofstaðaskóla

Kæru foreldrar/forráðamenn verðandi 1. bekkinga. Við tókum á móti börnunum ykkar í vorskólann sl. fimmtudag og var mjög gaman að hitta þau og ykkur sem komuð í spjall á bókasafninu. Sumir eiga önnur börn í skólanum og hafa kynnst honum ágætlega á meðan aðrir eru að koma með sitt fyrsta barn til okkar. Í framhaldi af móttökunni sendum við ykkur eftirfarandi upplýsingar.

Skólaárið 2021-2022 verða **52 nemendur í 1. bekk** en alls verða 530 nemendur í skólanum. Nemendum verður raðað í þrjá hópa og getur hver valið sér einn námsfélaga. Hóparnir munu breytast að loknum nemenda- og foreldrasamtölum í lok október. Við notum tímann fram að því til þess að kynnst þeim og sjá hvernig hópurinn vinnur saman.

Umsjónarkennarar verða þær Jónína Edda Sævarsdóttir, Hildur Björk Guðmundsdóttir og Sigurlaug Stefánsdóttir. Auk þeirra vinna þroskaþjálfar, sérkennari, stuðningsfulltrúar, skólaliðar og smiðjukennarar með börnunum.

Hver hópur á sína **heimastofu**. Stofurnar eru á 2. hæð og eru númer 209 til 211. Gangur og minni stofur verða notaðar til þess að vinna með nemendum í minni hópum og s.k. **hringekjum**. Sérstakir hópar verða myndaðir í **Smiðjum**, (list- og verkgreinum, sundi, tölvufærni og fleiri greinum) og er það gert þvert á árganginn. Smiðjur eru tvisvar í viku. Þeir hópar halda sér út skólaárið. Íþrótt- og sundkennsla fer fram í Mýrinni.

Skóladagur nemenda er frá kl. 8.30 til ca. 13.40. Frístundaheimilið Regnboginn er opinn til kl. 17.00. Við mælum með styttri vistun fyrstu vikuna ef þess er kostur. Það er mikið að gerast í lífi barnanna og margt að læra á. Frístundabíll ekur á milli skólans, tónlistarskólans og íþróttamiðstöðvanna.

Nemendur fá öll **námsgögn** í skólanum og þurfa ekki stórar skólatöskur eða pennaveski nema skriffæri til þess að nota heima við verkefnavinnu. Það sem fer á milli heimilis og skóla er mest nestisbox, lestrarbók og s.k. lestrarmappa sem kvittað er í um leið og lesið er.

Nemendur þurfa ekki sérstök íþróttaföt en betra er að vera í þægilegum fatnaði þá daga sem íþróttir eru og geta farið úr sokkunum. **Útiföt** og skór sem gott er að hreyfa sig í er nauðsynlegt að hafa því farið er út á hverjum degi. Mikilvægt er að **merkja allan fatnað** og eigur nemenda svo auðvelt sé að koma til skila því sem misferst eða gleymist. Margar snjallar merkingalausnir eru til m.a. litlir límmiðar sem líma má inn í skó og á miða innan í fötum.

Skólabyrjun. Nemendum stendur til boða að taka þátt í sumaropnun í frístundaheimilinu frá 16. til 23. ágúst. Skrá þarf börnin með tölvupósti. Þau fá hádegismat frá *Skólamat*. Á skólasetningardaginn 24. ágúst mæta nemendur og foreldrar í heimsókn til umsjónarkennara. Þann dag er Regnboginn lokaður. Umsjónarkennarar senda ykkur tölvupóst í ágúst verðandi tímasetningu. **Kennsla hefst** svo daginn eftir 25. ágúst samkvæmt stundaskrá. Foreldrar verða boðaðir á **kynningarfund um læsi** og lestrarnám stuttu eftir skólabyrjun.

Skóladagatal skólaársins er að finna á vef skólans og er mikilvægt að kynna sér það vel t.d. frídaga og skipulagsdaga þar sem kennsla fellur niður.

Virk og jákvæð samskipti heimilis og skóla skipta miklu máli fyrir velferð barna. Foreldrar/forráðamenn verða að vera duglegir að upplýsa skólann um allt það sem getur skipt máli fyrir okkur að vita um nemandann og aðstæður hans. Verið dugleg að spyrja ef ykkur finnst eitthvað óljóst eða upplýsingar eru ekki nægar eða óskýrar.

Hlökkum til samstarfsins við ykkur og því að kynnast börnunum ykkar.

Stjórnendur Hofsstaðaskóla

Gagnlegur gátlisti

Skrá í sumaropnun Regnbogans. regnboginn@hofsstadaskoli.is

Skrá í Regnbogann frá 25.8. Það er alltaf hægt að breyta dvalartímanum eftir á. Skráning í Þjónustugátt á www.gardabaer.is

Láta deildarstjóra vita ef það eru sérþarfir eða sérstakar aðstæður – arnheidurhj@hofsstadaskoli.is

Skoða vefsíðu skólans og kynna sér vel efni og upplýsingar sem þar eru. www.hofsstadaskoli.is.

Merkja vel föt og eigur barnanna – merktum hlutum er komið til skila.

Auka sjálfstæði barnanna. Fara á klósett, klæða sig sjálf í útiföt, reima skó, bjarga sér í búningsklefa og sturtu. Verið dugleg að fara í sund í sumar og auka færni barnanna.

Koma og leika á skólalóðinni

Lesi fyrir börnin. Leyfa þeim að fylgjast með í bókinni. Láta þau sjá ykkur lesa, lesa með þeim og lesa saman.

Telja og flokka hluti í umhverfinu, lesa á skilti, skoða á hvaða staf/hljóði orð byrja og enda.

Gangi ykkur vel!

Við sendum ykkur aftur gátlista í ágúst. Þá þarf að skrá í Skólamat, frístudnabíl og eitthvað fleira sem ekki er opið núna.